

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 85/2001

frá 19. júní 2001

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2001 frá 18. maí 2001⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2516/2000 frá 7. nóvember 2000 um breytingu á almennum meginreglum evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins í bandalaginu (EðK 95) að því er varðar skatta og framlög til félagslegra kerfa og um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 gildir ekki um Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 19d (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96) í XXI. viðauka við samninginn á undan aðlögunartextanum:

„- **32000 R 2516:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2516/2000 frá 7. nóvember 2000 (Stjtið. EB L 290, 17.11.2000, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 165, 21.6.2001, bls. 63 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 21.6.2001, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 290, 17.11.2000, bls. 1.

2. gr.

Texti reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2516/2000 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. júní 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. júní 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.